

Útgefandi

Læknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur

Ritstjórn

Engilbert Sigurðsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Gerður Gröndal
Hannes Hrafnkelsson
Magnús Gottfreðsson
Sigurbergur Kárason
Tómas Guðbjartsson
Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir

Tölfræðilegur ráðgjafi

Thor Aspelund

Ritstjórnarfulltrúi

Védis Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is

Blaðamaður og ljósmyndari

Hávar Sigurjónsson
havar@lis.is

Auglýsingastjóri og ritari

Sigdis Póra Sigþórsdóttir
sigdis@lis.is

Umbrot

Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is

Upplag

1800

Prentun, bókband og pökkun

Prentækni ehf.
Vesturvör 11
200 Kópavogi



Áskrift

12.900,- m. vsk.
Lausasala
1290,- m. vsk.

© Læknablaðið

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og Hirslna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213

Frá Orlofssjóði: Sumarið er tíminn

Á bóknarsíðu Orlofssjóðs er margt í boði - fyrst og fremst eru það náttúrlega sumarhúsin sem Lí á og leigir, en ekki bara það. Ekki má gleyma því að þar inni er líka hægt að festa kaup á miðum sem gefa afslátt af hótulgistingu víðs vegar um landið, og veiðikort af 35 veiðisvæðum, golfkortið sem greiðir leið inn á velli hringinn í kringum landið og útilegukortið sem gildir á öll helstu tjaldstæðin hérlendis. Allt þetta er í boði árið um kring, á stéttarfélagsverði, og er alls óháð punktaineign félagsmanna. Njótið lífsins á sumarlandinu okkar, rennið fyrir bröndu fjarri ys og þys og EM, reynið að para einhverja óþarmanlega holu á landsbyggðinni, til dæmis nr 7. á Meðaldalsvelli við Þingeyri í Dýrafirði, lúrið undir hótelpaki eða í tjaldi undir guðs eigin þaki.

- Gleðilegt sumar!

VS



LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Blómin, berin og laufin sem sjá má á forsíðumynd *Læknablaðsins* eru öll heklud úr bómullarþræði, mótuð, stífuð og loks handlituð með vatnslit. Fyrirmyndirnar eru jurtir sem finnast í íslenskri náttúru, yfir 20 ólíkar tegundir lækningajurta sem öldum saman hafa verið nýttar til heilsubóta. Listakonan **Rósa Sigrún Jónsdóttir** (f. 1962) hefur sérhæft sig í gerð verka sem byggjast á sígildu handverki og krefjast tíma og natni. Hún hefur þannig reynt á eigin skinni kenningar um jákvæð áhrif tiltölulega einhæfrar en þó skapandi vinnu, og þekkt er að mörg vandamál hafa verið leyst yfir handavinnu. Í verkinu **Grös** (2016) sam-einar hún þetta tvennt, heilnæmi handverks og gróðurs. Verkið var unnið í samstarfi við hóp handverkskvenna sem lögðu fram vinnu sína við að hekla smágerð laufblöð, blómknappa, ber og stilkka. Afraksturinn var festur á stóran stöpul og myndar stóra grasabreiðu. Verkið er á sumarsýningu Listasafns Reykjavíkur.

Grasalækningar byggjast á alþýðuvitneskju sem varðveist hefur mann fram af manni. Hverri jurt fylgja ýmsir eiginleikar sem taldir eru gera gagn, inn- og útvortis. Handverkskonurnar sem unnu saman að verkinu deildu ýmsum sögum, gömlum og nýjum, sem Rósa Sigrún safnaði. Kom þá í ljós að ekki er einungis um að ræða seyði og smyrsl gegn forneskjuvillum heldur eru margar íslenskar jurtir taldar búa yfir áður óþekktum eiginleikum sem koma að gagni við nýsköpun á sviði lyfjafræðinnar.

Plönturnar í verki Rósu Sigrúnar eru aðalbláber, baldursbrá, birki, blágresi, brennisóley, engjamunablóm, engjarós, fjalldalafífill, fjalldrapi, geldingahnappur, holtasóley, holurt, hreindýramosi, mýrasóley, reyniviður,



rjúpnalauf, smári, túnfífill og vallhumall. Þátttakendur við að skapa hina hekludu eftirlíkingu ásamt Rósu Sigrúnu voru Ásdís Birgisdóttir, Áslaug Anna Jónsdóttir, Ásthildur Jónsdóttir, Bryndís Björgvinsdóttir, Erla Sigtryggsdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Heiðrún Kristjánsdóttir, Helga Hilmarsdóttir, Helga Pálína Brynjólfssdóttir, Hjórdís Hannesdóttir, Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir, Kristín Svavarsdóttir, Lene Zachariassen, Margrét Ólólí Ívarsdóttir, Sigríður Haraldsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Sophie Schoonjans og Steinunn M. Steinars.

Rósa Sigrún stundaði nám við skúlptúrdeild Listaháskóla Íslands um aldamótin og útskrifaðist með bakkalárgráðu árið 2001. Ljósmyndari kápumyndar er Pétur Thomsen, en Rósa tók myndina hér fyrir ofan.

Markús Þór Andrésson